

# Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Innviðaráðuneyti / 23.6.2023 12:09

## Álit um stöðu sveitarfélaga með undir 250 íbúa

Ef íbúafjöldi í sveitarfélaga er undir 250 við sveitarstjórnarkosningar árið 2022 eða 1.000 við sveitarstjórnarkosningar árið 2026 ber sveitarstjórn hefja formlegar sameiningarviðræður við annað eða önnur sveitarfélög eða skila álitum til innviðaráðuneytis um stöðu og getu sveitarfélagsins til þess að sinna lögbundnum verkefnum innan árs frá sveitarstjórnarkosningum. Með hliðsjón af því er þess farið á leit að sveitarstjórn veiti eftirfarandi álit í samræmi við umbeðnar upplýsingar ráðuneytisins. Óskað er eftir að álitnið berist ráðuneytinu eigi síðar en 14. maí 2023.

## Sveitarfélag

Heiti sveitarfélags

Súðavíkurhreppur

Vinsamlega veljið nafn sveitarfélags í flettistiku til að fá fram upplýsingar um aldursdreifingu og kyn íbúa til samanburðar við meðaltal á landinu öllu.

Hverjar eru horfur innan sveitarfélagsins hvað varðar fjölgun/fækkun íbúa til ársins 2040?

Íbúum hefur fjölgað undanfarin ár í sveitarfélaginu. Íbúafjöldi í Súðavíkurhreppi árið 2019 var þann 1. maí 204 búar. Þann 1. maí 2023 voru íbúar sveitarfélagsins 235. Flestar spár gera ráð fyrir fjölgun íbúa enda hefur fjölgað umtalsvert síðustu 10 ár. Húsnæðisáætlun Súðavíkurhrepps gerir ráð fyrir því samkvæmt miðspárgildi að íbúar verði hér um 280-290 árið 2040.

Hverjir eru veigamestu áhrifaþættirnir í þessari þróun?

Súðavíkurhreppur er stórt sveitarfélag með langa strandlengju. Veðursæld og nálægð við þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar hefur þar áhrif. Nægt byggingarland er í þéttbýli og því unnt að byggja án mikils kostnaðar við útbúnað lóða. Fasteignaverð og raunkostnaður húsbýgginga hefur þó um langa tíð hamlað uppbyggingu á Vestfjörðum öllum. En framboð er nokkuð af atvinnu. Um er að ræða sama atvinnusóknarsvæði um alla norðaverða Vestfirði og sækja íbúar sveitarfélagsins atvinnu bæði til Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur. Uppbygging á þessu svæði hefur áhrif í alla byggðarkjarna. Hér er uppbygging á athafna- og hafnarsvæði þar sem reist verður kalkþörungavinnsla. Áætlað er að um 30-35 störf skapist við verksmiðjuna beint. Uppbygging athafnasvæðis er langt komin, hafnarframkvæmdir verða í vetur þar sem stálþil verður rekið niður við nýja höfn. Þá hefur sjókvíaeldi hafist í Ísafjarðardjúpi þar sem talsvert af þeirri þjónustu er frá Súðavíkurhöfn. Störf hafa skapast í kringum eldið og því er óhjákvæmileg þróun að fólki fjölgi aftur í Súðavíkurhreppi.

Ýmis uppbygging hefur verið í sveitarfélaginu og hefur m.a. allt þéttbýli og nær allt dreifbýli verið ljósleiðaravætt. Þá er m.a. leikskóli gjaldfrjáls og því hagstætt að ala upp börn í sveitarfélaginu. Viðhald bygginga er gott og stöðugt og ásýnd þéttbýlis öll góð, enda þorpið allt upp byggt eftir 1996.

Framboð á húsnæði hefur líka áhrif og hagkvæmt samfélag til uppeldi barna og barnvænt samfélag.

## ATVINNA og HÚSNÆÐI

Atvinnulíf – fjöldi starfa, atvinnuleysi, laus störf, áform um uppbyggingu/fjölgun starfa til ársins 2040.

Atvinnulíf er stöðugt í Súðavíkurhreppi. Eftir samdrátt árið 2006, eftir að rækjuverksmiðja lokaði, hefur atvinnulíf byggst upp smám saman. Það er enginn stór vinnustaður í sveitarfélaginu og áhrif m.a. af covid-19 voru hverfandi. Uppbygging Saltverks í Reykjanesi hefur haft áhrif á atvinnulíf í dreifbýli og smáfyrirtæki og sprotafyrirtæki hafa einnig skilað störfum. Þá er uppbygging fiskeldis að skila sér í störfum í Súðavík. Störfum við kalkþörungavinnslu mun fjölga úr 0 í 35 á þessu tímabili.

Íbúðir – framboð, eftirspurn, lausar íbúðir, áform um byggingu til ársins 2040.

Eftirspurn eftir húsnæði er nokkur, einkum leigu húsnæði. Tvö hús eru á sölu og aðeins ein leiguíbúð verður laus frá og með 15. ágúst. Áformað er að byggja 3-5 íbúða raðhús í Súðavík auk þess sem Íslenska kalkþörungafélagið áformar að reisa starfsmannaíbúðir á staðnum, en félagið á 8 íbúða húsnæði á Bíldudal.

## SÉRSTAÐA SVEITARFÉLAGSINS

Almenn einkenni/áhersla í sveitarfélaginu.

Fjölmenningsamfélag einkennir Súðavíkurhrepp enda er um 1/3 hluti íbúa af erlendu bergi brotin. Veðursæld og náttúrufegurð, samheldmi og samtakamáttur. Raggagarður er dæmi um þetta, eini slíki garðurinn á Vestfjörðum.

Samfélagsleg sérstaða.

Súðavíkurhreppur er landfræðilega stórt sveitarfélag. Sveitarfélagið er sameinað úr þremur hreppum frá og með 1. janúar 1995, en þá sameinuðust Súðavíkurhreppur, Ögurhreppur og Reykjafjarðarhreppur. Sveitarfélagið er gamalt sjávarþorp, en landbúnaður er lítil þrátt fyrir mikið land í Innjúpi. Súðavíkurhlíð hefur verið farartálmur um langt skeið, en fyrst var borað gegnum Arnarneshamar árið 1949 og markaði það fyrstu jarðgangagerð á Íslandi. Í Súðavíkurhreppi býr duglegt fólk sem lítað er af samskiptum við erfiðar samgöngur og erfitt atvinnulíf, en samdráttur hefur verið mikill í sjávarútvegi sem er nánast enginn í dag.

Landfræðileg sérstaða, t.a.m. náttúruvá.

Súðavík á sögu um mannskætt snjóflóð í janúar 1995. Sama ár var ákveðið að flytja þorpið í heild sinni innar í Álftafjörð af snjóflóðahættusvæði. Þorpið stendur undir Kofra og eru ekki þekktar hættur af ofanflóðavá þar. Ríkjandi áttir hafa ekki mikil áhrif undanfarin ár í illviðrum.

Auðlindir.

Náttúrufegurð og nálægð við Ísafjarðardjúp eru helstu auðlindir sveitarfélagsins. Þá er talsvert af sögufrægum stöðum sem virka sem aðdráttarafi fyrir ferðamenn. Heitt vatn er víða að finna í hreppnum þó ekki hafi það fundist við þéttbýli. Kalkþörungaset í Ísafjarðardjúpi er eitt af því sem Íslenska kalkþörungafélagið hefur fengið leyfi Orkustofnunar til þess að vinna. Samningur við félagið er til 50 ára og mun skapa bæði störf og framlegð í sveitarfélaginu.

## FJÁRHAGSLEG VIÐMIÐ - A-HLUTI

Heiti sveitarfélags

Súðavíkurhreppur

Vinsamlega veljið viðeigandi sveitarfélag í flettistiku, yfirfarið og færið inn athugasemdir og ábendingar í athugasemdasvæðið að neðan ef þörf er á.

Athugasemdir vegna forskráðra upplýsinga um fjárhag sveitarfélagsins

Súðavíkurhreppur hefur uppfyllt fjárhagsleg viðmið undanfarin ár. Skuldaviðið er núll, eða mælist ekki. Er raunar neikvætt um tugi prósentu við síðasta ársreikning 2022.

## LÖGBUNDIN VERKEFNI

Íslensk sveitarfélög bera ábyrgð á hátt á áttunda tug lögbundinna verkefna. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort neðangreind lögbundin verkefni eru á hendi:

Sveitarfélagsins sjálfs, annars sveitarfélags sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga, byggðasamlags sbr. 93. - 95. gr. sveitarstjórnarlaga, eða, eru unnin á grundvelli annars konar samvinnu, t.d. á grundvelli samstarfssamnings sbr. 92. gr. sveitarstjórnarlaga eða annarrar lögbundinnar samvinnu. Verkefnið eigi ekki við, t.a.m. vegna legu sveitarfélagsins.

Með því að færa tölvubendil yfir spurningamerkið () er hægt að kalla fram viðeigandi lög með nánari upplýsingum um viðfangsefni.

## FJÖLSKYLDA, VELFERÐ OG JAFNRÉTTI

FÉLAGSÞJÓNUSTA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Ísafjarðarbær. Súðavíkurhreppur sagði upp samstarfssamningi um Félagspjónustu við Djúp og var áður í félagi með Bolungarvíkurkaupstað. Félagspjónustusamningur var gerður við Ísafjarðarbæ í ársbyrjun 2020.
FJÁRHAGSAÐSTOÐ	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Samkvæmt sama félagspjónustusamningi. Súðavíkurhreppur er með kjörinn fulltrúa í félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar.
FÉLAGSLEG RÁÐGJÖF	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Ísafjarðarbær
MÁLEFNI ALDRAÐRA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Súðavíkurhreppur rekur aðstöðu sem fer með málefni aldraðra, en í samstarfi við Ísafjarðarbæ. Starfsmenn Súðavíkurhreyfingar heyra stjórnsýslulega undir Ísafjarðarbæ samkvæmt félagspjónustusamningi frá 2020.
MÁLEFNI FÓLKS MEÐ FÖTLUN	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Sem stendur er það Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Vestfjörðum. Það verður rekið út árið 2023, en lagt niður í kjölfarið þar sem stofnað hefur verið sérstakt svæðisráð á Vestfjörðum um sama málaflokk samkvæmt nýjum lögum.
STUÐNINGSPJÓNUSTA	Byggðasamlag
Heiti annarra sveitarfélaga í byggðasamlaginu	Eftir atvikum Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Vestfjörðum.

## VÍMUVERNIR OG AÐSTOÐ VIÐ EINSTAKLINGA MEÐ ÖNNUR SAMVINNA FÍKNIVANDA

Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	VáVest.
AÐSTOÐ VIÐ ERLENDA RÍKISBORGARA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Samstarfssamningur við Ísafjarðarbæ.
TÚLKAÞJÓNUSTA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Að mestu Ísafjarðarbær samkvæmt samningi, en Súðavíkurhreppur eftir atvikum.
JAFNRÉTTISMÁL	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttáð í sveitarfélaginu?  
Félagsþjónusta, fjárhagsaðstoð, félagsleg ráðgjöf  
Málefni aldraðraMálefni fólks með fötlun  
StuðningsþjónustaVímuvarnir og aðstoð við einstaklinga með fíknivandaAðstoð við erlenda ríkisborgaraTúlkþjónustaJafnréttismál

### Þjónusta sveitarfélagsins

Súðavíkurhreppur rekur félagsstarf aldraðra á staðnum, en stjórnsýslulega heyrir það undir Ísafjarðarbæ, samkvæmt félagsþjónustusamningi frá 2020. Áður var Súðavíkurhreppur í samstarfi við Bolungarvíkurkaupstað gegnum Félagsþjónustuna við Djúp, en vegna óánægju með þjónustu var þeim samningi sagt upp og nýtt samstarf tekið upp við Ísafjarðarbæ.

Súðavíkurhreppur og Ísafjarðarbær hafa samstarf um flest sem lítur að félagsþjónustu og málefnum nýbúa. Þá hafa sveitarfélögin haft samvinnu um móttöku flóttamanna og Súðavíkurhreppur útvegað húsnæði. Samningur með sveitarfélögunum hefur verið framlengdur ár í senn og þróast.

Vímuefnavarnir, túlkþjónusta og jafnréttismál eru þó aðallega á hendi Súðavíkurhrepps.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

### Lýsing

Súðavíkurhreppur hefur haft samning við Ísafjarðarbæ ár í senn. Þar hefur þjónusta og annað sem að samningnum lítur verið endurskoðað m.t.t. þarfa beggja sveitarfélaga. Liður í því samstarfi og þróun þess er að kjörinn fulltrúi (nefndarmaður) frá Súðavíkurhrepp er í félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar. Súðavíkurhreppur hefur þannig fullt forræði á þróun mála og er samstarfið háð samþykki beggja aðila.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

### Lýsing

Sameining sveitarfélaganna myndi ekki breyta miklu um þessa þjónustu. Þar gildir að sama þjónustan er veitt á svæðinu og felur samstarfssamningur það í sér. Reglur sveitarfélaganna eru samræmdar um veitingu þjónustu, gjaldskrár og viðmið. Helst með bættum samgöngum innan sveitarfélags.

## HÚSNÆÐISMÁL

LÖGBUNDIN VERKEFNI Á SVIÐI HÚSNÆÐISMÁLA	Sveitarfélagið
SÉRSTAKUR HÚSNÆÐIS-STUÐNINGUR	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttáð í sveitarfélaginu?  
Lögbundin verkefni á sviði húsnæðismála  
Sérstakur húsnæðisstuðningur

### Þjónusta sveitarfélagsins

Súðavíkurhreppur á nokkrar íbúðir sem þjóna því hlutverki að vera í almennri útleigu, húsnæði fyrir eldri borgara og jafnframt sem félagslegt húsnæði. Er alfarið á hendi sveitarfélagsins.

Eftirspurn er nokkur eftir leigu húsnæði og hefur Súðavíkurhreppur og almennur markaður mætt þeirri þörf. Áform eru um uppbyggingu húsnæðis af hendi sveitarfélagsins og mun sveitarfélagið mæta þeirri þróun sem felst í fjölgun íbúa. Stéfnan hefur verið að hafa ódýrt húsnæði til leigu fyrir ákveðinn markhóp, ungt fólk, eldra fólk og fólk sem telst til skjólstæðinga félagsþjónustu.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

### Lýsing

Þjónustan er öll á hendi Súðavíkurhrepps. Árið 2019 var tekin ákvörðun um að selja tvær íbúðir eldri borgara á Hlíf II á Ísafirði. Markmiðið var að byggja slíkt húsnæði upp í Súðavík til þess að færa þá þjónustu nær sveitarfélaginu (þéttbýlinu). Hlíf II var samvinnuverkefni og hafa þær íbúðir verið í almennri útleigu til fólks sem uppfyllir þau skilyrði að teljast eldri boragarar.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

#### Lýsing

Súðavíkurhreppur sinnir þessari þjónustu með íbúðum í eigu sveitarfélagsins. Staða Súðavíkurhrepps varðandi húsnæði er betri en í nágrennasveitarfélögum þannig að sameining myndi hafa öfug áhrif á þessa þróun. Það myndi nýtast Ísafjarðarbæ frekar en Súðavíkurhreppi, þar sem uppsöfnuð þörf fyrir húsnæði er meiri á Ísafirði en í Súðavík.

## BÖRN OG FRÍSTUNDIR

LEIKSKÓLAR	Sveitarfélagið
FRÆÐSLUSKRIFSTOFA	Annað sveitarfélag
Hvaða sveitarfélag	Ísafjarðarbær svo langt sem það nær. Súðavíkurhreppur er ekki með fræðsluskrifstofu en hefur verið í samstarfi við Ísafjarðarbæ þar um.
GRUNNSKÓLAR	Sveitarfélagið
FRÍSTUNDAHEIMILI	Sveitarfélagið
MÁLEFNI BARNNA OG UNGMENNA	Sveitarfélagið
ÞJÓNUSTA VIÐ UNGLINGA	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Samstarf á norðanverðum Vestfjörðum gegnum Virknihus ehf. á Ísafirði.
ÆSKULÝÐSMÁL	Sveitarfélagið
ALMENNINGSBÓKASÖFN	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Bókasanfni á staðnum hefur verið lokað fyrir almenn útlán. Bókasafn er til staðar í Grundarstræti (stjórnsýsluhúsi) og er aðgengilegt en hefðbundin útlánastarfsemi hefur verið lögð af.

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Leikskólar  
Fræðsluskrifstofa, grunnskólar  
Frístundaheimili  
Málefni barna og ungmenna  
Þjónusta við unglunga  
Æskulýðsmál  
Almenningsbókasöfn

#### Þjónusta sveitarfélagsins

Leikskóli er gjalfrjáls fyrir 6 tíma í Súðavíkurhreppi. Stundir umfram 6 tíma eru greiddir af foreldrum, en afsláttur veittur að fullu fyrir fjórða barn. Fræðsluskrifstofa er ekki starfandi í Súðavíkurhreppi en skólamál í samvinnu við Ísafjarðarbæ, en samrekinn grunn-, leik- og tónlistarskóli er á staðnum með íþróttastöðu. Á sama stað er frístundaheimili. Málefni barna og ungmenna er í höndum Súðavíkurhrepps en ýmis konar samstarf er um þau málefni með Ísafjarðarbæ. Æskulýðsmál eru á hendi sveitarfélagsins auk ungmennafélags á staðnum.

Almenningsbókasafn var lagt af fyrir nokkrum árum en bókasafnið er aðgengilegt íbúum í stjórnsýsluhúsi þrátt fyrir að almenn útlána- og safnastarfsemi hafi verið lögð niður.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

#### Lýsing

Súðavíkurhreppur er í samstarfi með skólaskrifstofu hjá Ísafjarðarbæ og er það á grundvelli samvinnu. Það ríkir jafnvægi um þá þjónustu og góð samskipti. Þjónusta við börn og unglunga er m.a. Virknihus á Ísafirði, en þar hefur Súðavíkurhreppur aðkomu með stjórnarsetu.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

#### Lýsing

Það fælust mikil tækifæri í því ef samgöngur milli byggðakjarnanna yrðu tryggðar með göngum, t.a.m. nýting allra mannvirkja og sókn í þjónustu. Sameining sveitarfélagsins við nágrannasveitarfélag myndi einfalda hluta af þessari vinnu, en samstarf hefur gengið með ágætum milli sveitarfélaganna. Helst myndi rekstur grunnskóla einfaldast, en ekki er fyrirsjáanlegt að það myndi draga úr starfsmannahaldi eða rekstri.

## MANNVIRKJA- OG SKIPULAGSMÁL

FASTEIGNAMAT	Sveitarfélagið
EFTIRLIT MEÐ MANNVIRKJAGERÐ OG LEYFISVEITINGAR	Sveitarfélagið
EIGNASKIPTAYFIRLÝSINGAR	Sveitarfélagið
FRAMKVÆMD UMHVERFISMATS	Sveitarfélagið
SKIPULAGSMÁL	Sveitarfélagið
VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ	Á ekki við
Skýring	Súðavík, þéttbýli, var fært í heild sinni innar í Álftafjörð. Skipulag gerir ekki ráð fyrir verndarsvæðum í byggð þó það kunni að breytast.
SAMRÁÐ VIÐ FÉLÖG Í FRÍSTUNDABYGGÐ	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?  
Fasteignamat, eftirlit með mannvirkjagerð og leyfisveitingar, eignaskiptayfirlýsingar  
Framkvæmd umhverfismats, skipulagsmál  
Verndarsvæði í byggð  
Samráð við félög í frístundabyggð

Þjónusta sveitarfélagsins

Súðavíkurhreppur hefur skipulags- og byggingafulltrúa og samsvarandi nefnd starfandi á vegum sveitarfélagsins. Viðkomandi fulltrúi í samstarfi við skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd hefur umsjón með eftirliti með mannvirkjagerð og leyfisveitingar.

Skipulags- og byggingafulltrúi hefur haft með eignaskiptayfirlýsingar að gera þegar óskað er eftir því, en hann vinnur jafnhliða á verkfræðistofu. Þá hefur hann komið að gerð umhverfismats í samvinnu við sveitarfélagið og viðeigandi ráðuneyti.

Súðavíkurhreppur hefur verið í víðtæku samstarfi við frístundabyggð, enda nýtist öll gamla byggðin í Súðavíki sem frístundabyggð, auk þess sem fjölmargir sumarbústaðir eru í sveitarfélaginu.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Ekki er um það að ræða hvað varðar skipulagsmál eða eftirlit með byggingum.

Nýverið var samþykkt á vettvangi landshlutasamtaka, Fjórðungssambands Vestfirðinga, að gera svæðisskipulag fyrir Vestfirði. Sú vinna er rétt að fara af stað og eru fulltrúar allra sveitarfélaga í nefnd um svæðisskipulag. Súðavíkurhreppur mun hafa þar áhrif til jafns við önnur sveitarfélög.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Eflaust væri hægt að einfalda skipulagsmál við sameiningu sveitarfélaga. Það er hins vegar verið að vinna að frekara samstarfi á þeim sviðum með gerð svæðisskipulags. Skipulagsvinna yrði þá samræmdari en verið hefur. Ekki hefur þó komið upp ágreiningur um skipulagsmál eða erfiðleikar í slíku samstarfi. Þá er nýlokið vinnu um strandsvæðaskipulag fyrir Vestfirði.

## ÖRYGGISMÁL

ALMANAVARNIR	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Sveitarstjóri Súðavíkurhrepps er yfirmaður almannavarna í Súðavíkurhreppi. Hins vegar er samvinna um almannavarnir á Vestfirðum og situr sveitarstjóri í aðgerðarstjórn almannavarna í stækkaðri nefnd. Því er bæði um að ræða samvinnu sem og almannavarnir á vegum sveitarfélagsins.
BRUNAVARNIR OG BRUNAMÁL, Þ. Á M. SLÖKKVILIÐ	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Súðavíkurhreppur rekur eigið slökkvilið, Slökkvilið Súðavíkurhrepps. Undanfarin ár hafa Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur stefnd að sameiningu slökkviliða.

SJÓVARNIR	Sveitarfélagið
VARNIR GEGN SNJÓFLÓÐUM OG SKRIÐUFÖLLUM	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Súðavíkurhreppur.

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Almannavarnir  
Brunavarnir og brunamál, þ.á m. slökkvilið  
Sjóvarnir  
Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum

Þjónusta sveitarfélagsins

Sveitarstjóri er yfirmaður almannavarna í Súðavíkurhreppi. Sveitarstjóri á jafnframt sæti í almannavörnum í sameiginlegri almannavarnarnefnd fyrir Vestfirði. Bæði er um að ræða sérstaka almannavarnarnefnd fyrir sveitarfélagið auk víðtækrar samvinnu við nágrannasveitarfélög auk lögreglu, Rauðakrossins og björgunarsveita á staðnum. Súðavíkurhreppur rekur eigið slökkvilið. Stefnt hefur verið að því í nokkur ár að sameina slökkvilið Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar í takt við eflingu slökkviliða og stefnu í að þau verið miðlæg. Samstarf hefur verið um rekstur þess og leggur Ísafjarðarbær til sérfræðipækkingu og er bakhjarl slökkviliðs. Allt að einu hefur Súðavíkurhreppur starfandi slökkvistjóra og útkallslið auk tækjakostar og húsnæðis í Súðavíkurhreppi. Nýverið var keyptur nýr slökkvibíll búinn bílaklippum. Ef samgöngur væru betri á svæðinu, t.a.m. göng milli sveitarfélaganna, væri hægt að hafa meiri samvinnu og nýta slökkvilið Súðavíkurhrepps í fleiri útköll. Varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum eru á hendi sveitarstjóra sem yfirmanns almannavarna. Samvinna er við stækkaða almannavarnarnefnd fyrir Vestfirði og snjóflóðavakt Veðurstofunar og Snjóflóðaseturs.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Súðavíkurhreppur hefur fullt forræði á þeim málum sem snúa að sveitarfélaginu varðandi slökkvilið og samvinnu á sviði almannavarna. Hins vegar er það að mestu í höndum Almannavarnardeildar ríkislögreglustjóra og snjóflóðavöktunar Veðurstofunnar hvaða ákvarðanir eru teknar um hættuástand, rýmingu og lokanir vega og þ.a.l. Vegagerðinnar.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Óháð sameiningu sveitarfélaga væri mikill kostur í því að sameina slökkvilið Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar. Báðir aðilar eru sammála um það, en tregða hefur verið til þess að stíga það skref til fulls af hendi Ísafjarðarbæjar. Sameining sveitarfélaganna myndi litlu breyta um það, en ætti þó að einfalda stjórnsýslu og fjármögnun. Fjárhagslega er slökkvilið ekki baggi eða til trafala fyrir Súðavíkurhrepp. Almannavarnir eru meira og minna reknar miðlægt í dag; Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra. Bæði er um að ræða samvinnu og samstarf, en vegna tíðra lokana á Súðavíkurhlíð að vetri og þar með einangrun Súðavíkurhrepps frá Ísafjarðarbæ er nauðsynlegt að halda úti sérstöku starfi í Súðavíkurhreppi. Sameining sveitarfélaga hefur lítið um það að segja, en myndi stórukast ef göng yrðu gerð milli sveitarfélaganna/þéttbýliskjarna.

## UMHVERFISMÁL, DÝRAHALD O.FL.

SÖFNUN OG MEÐFERÐ ÚRGANGS OG SORPS	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Súðavíkurhreppur hefur með eigin sorpmál að gera. Samstarfssamningur er við tvo einkaaðila. Kubbur ehf. sér um sorp fyrir þéttbýli en samstarf er við Sorpsamlag Hólmavíkur um Inndjúp og dreifbýli austan við Kambsnes. Um 160 km eru frá Súðavík inn í botn Ísafjarðar þar sem hreppamörk Súðavíkurhrepps og Strandabyggðar liggja. Því er nærtækara að hafa samstarf við Sorpsamlag Strandabyggðar í Inndjúpi en við Kubb hinsvegar.
LANDGRÆÐSLA	Á ekki við
Skýring	Einkaaðilar standa að landgræðslu á nokkrum stöðum um sveitarfélagið, en það er ekki samræmt. Þess sér þó stað í gildandi Aðalskipulagi Súðavíkurhrepps.
HEILBRIGÐISEFTIRLIT	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða er fyrir alla Vestfirðina.
DÝRAVERND OG DÝRAVELFERÐ.	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða og dýralæknir á vegum MAST.

MEINDÝRAEYÐING ,DÝRAEFTIRLIT	Sveitarfélagið
VARNARLÍNUR VEGNA BÚFJÁRSJÚKDÓMA	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Er ekki kunnugt um hvernig þessu er háttað í dag, en sauðfjárveikivarnarlína liggur um Ísafjörð í Djúpi.
FJALLSKIL	Sveitarfélagið
FRÁVEITUR	Sveitarfélagið
VATNSVEITUR	Sveitarfélagið
ÝMIS VERKEFNI Á SVIÐI NÁTTÚRUVERNDAR	Önnur samvinna
Heiti sveitarfélags/sveitarfélaga.	Ekki er starfandi sérstök stofnun eða nefnd; en þó skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd sem tekur yfir málaflökkinn.
MENGUNARVARNIR	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Söfnun og meðferð úrgangs og sorps

Landgræðsla

Heilbrigðiseftirlit

Dýravernd og dýravelferð

Meindýraeyðing, dýraeftirlit

Varnarlínur vegna búfjársjúkdóma

Fjallskil

Fráveitur

Vatnsveitur

Ýmis verkefni á sviði náttúruverndar

Mengunarvarnir

Þjónusta sveitarfélagsins

Sorpmál eru á hendi sveitarfélagsins og í samvinnu við tvo verktaka. Um er að ræða Kubb ehf. sem sér um að taka sorp til förgunar fyrir þéttbýli og hins vegar Sorpsamlag Strandabyggðar sem sér um dreifbýli.

Ekki er stafandi sérstök landgræðsla í Súðavíkurreppi, en þó skógræktarfélag. Málaflökkurinn á undir skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins.

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða sér um heilbrigðismál og leyfamál. Súðavíkurreppur á fulltrúa í stjórn þess. Þá er það viðkomandi nefnd; skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd.

Dýravernd og dýravelferð er á málefna sviði starfsmanns Súðavíkurrepps, sem alla jafna gegnir starfi umsjónarmanns fasteigna. Dýralæknir á vegum MAST er yfir þeim málaflökki á Vestfjörðum.

Varnarlínur vegna dýrasjúkdóma er á hendi yfirdýralæknis og dýralækna á vegum MAST. AF stjórnsýslu sveitarfélagsins er það helst atvinnu- og landbúnaðarnefnd sem lætur slík mál til sín taka.

Fjallskil eru á vegum Súðavíkurrepps og heyrir undir atvinnu- og landbúnaðarnefnd.

Vatnsveitur og fráveitur eru starfræktar af Súðavíkurreppi.

Ekki eru sérstök verkefni í gangi á sviði náttúruverndar í Súðavíkurreppi. Málefni eiga undir skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd. Súðavíkurreppur hefur verið í samstarfi við Vestfjarðastofu um Vottaða Vestfirði og tekur þátt í verkefninu Earth Chek.

Mengunarvarnir eru á vegum Súðavíkurrepps eftir því sem við á og heyrir undir skipulags-, bygginga-, umhverfis- og samgöngunefnd.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing

Sveitarfélagið hefur áhrif á framangreinda málaflökka þar sem það heyrir ýmist beint undir sveitarfélagið eða með aðkomu að stjórn Heilbrigðiseftirlits Vestfjarða. Annars er þetta í höndum aðila sem á landsvísu hafa fullt forræði á málaflöknum.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing

Nei, ekki afgerandi. Það gæti þó verið til einföldunar ef allt heyrði undir einum hatt, en það er þó landfræðilega erfitt. Einfalt er að sameina þessar nefndir en það hefði ekki mikil áhrif á framkvæmd.

## FRAMKVÆMDIR

GATNAGERÐ	Sveitarfélagið
LAGNING OG VIÐHALD VEGA OG STÍGA	Sveitarfélagið

Hvernig er framangreindri þjónustu háttað í sveitarfélaginu?

Gatnagerð  
Lagning og viðhald vega og stíga

Þjónusta sveitarfélagsins

Súðavíkurhreppur sér alfarið um gerð og viðhald gatna, vegslóða og stíga í Súðavíkurhreppi. Engri slíkri þjónustu hefur verið útvistað. Einhver samvinna þó við Vegagerðina í gegnum styrkvegasjóð.

Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnin í samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

Lýsing Þetta hefur ekki verið falið öðrum.

Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

Lýsing Nei, líklega ekki. Amk ekki til hins betra.

## VERKEFNI SEM SVEITARFÉLÖGUM ER HEIMILT AÐ SINNA

Eftirfarandi eru algeng verkefni sem sveitarfélögum er heimilt að sinna en ber ekki skylda til, sbr. 8. gr. sveitarstjórnarlaga. Vinsamlega gerið grein fyrir því hvort og hvernig sveitarfélagið sinnir eftirfarandi verkefnum.

ALMENNINGSSAMGÖNGUR	Engin starfsemi
REKSTUR HITAVEITU	Engin starfsemi
HOLRÆSAMÁL	Sveitarfélagið
MENNINGARSTYRKIR	Sveitarfélagið
REKSTUR SAFNA	Sveitarfélagið
REKSTUR NÁTTÚRUSTOFU	Í samvinnu
REKSTUR RAFMAGNSVEITNA	Engin starfsemi
REKSTUR DAGDVALAR FYRIR ALDRAÐA	Í samvinnu
REKSTUR TÓNLISTARSKÓLA	Sveitarfélagið
FRÍSTUNDASTYRKIR	Sveitarfélagið
FRÍSTUNDAHÚS	Sveitarfélagið
REKSTUR SUNDLAUGA	Engin starfsemi
KYNNINGARSTARFSEMI	Sveitarfélagið
FERÐAMÁLAPJÓNUSTUNA	Sveitarfélagið
REKSTUR ÍÞRÓTTAMANNVIRKJA	Sveitarfélagið
ÍÞRÓTTAPJÓNUSTA	Í samvinnu
NÝSKÖPUNARSTYRKIR	Sveitarfélagið

Hvernig er verkefnum/þjónustu að ofangreindu tagi sinnt? (stutt greinargerð fyrir hvert verkefni)

Hér er bæði vísað í verkefni á listanum og hugsanleg önnur ólögbundin verkefni.

Almenningssamgöngur

Rekstur hitaveitu

Holræsamál

Menningarstyrkir

Rekstur safna

Rekstur náttúrustofu

Rekstur rafmagnsveitna

Rekstur dagdvalar fyrir aldraða

Rekstur tónlistarskóla

Frístundastyrkir

Frístundahús

Rekstur sundlauga

Kynningarstarfsemi

Ferðamálapjónusta

Rekstur íþróttamannvirkja

Íþróttapjónusta

Nýsköpunarstyrkir

Ólögbundin verkefni



\* Almenningsamgöngur voru um tíma á forræði og ábyrgð Vegagerðarinnar. Ekki tókst að koma á almenningsamgöngum fyrir Súðavíkurhrepp þrátt fyrir nokkrar atilögur. Það fór þannig að Súðavíkurhreppur fékk hlutdeild í þessum pakka og fékk greiddar kr. 4,8 mkr þar sem ekki tókst að koma þessu verki af stað. Það stendur þó til og verður reynt haustið 2023. Súðavíkurhreppur mun annast það verk.

\* Rekstur hitaveitu er fjarlægur draumur - hér er ekki heitt vatn.

\* Holræsamál eru á könnu Súðavíkurhrepps.

Menningarstýrkir eru greiddir af Súðavíkurhreppi, ýmist af styrkjum frá sveitarstjórn beint eða viðkomandi nefnd; fræðslu-, tómsunda-, menningar- og kynningarnefnd. Ýmis málefni eru styrkt árlega; menningarleg, æskulýðs- og félagastarsemi.

\* Súðavíkurhreppur kemur beint að rekstri Byggðasafns Vestfjarða sem einn eigenda. Sveitarstjóri er þar einn þriggja stjórnarmanna. Súðavíkurhreppur styrkir rekstur Melrakkaseturs Íslands sem er eina safn sinnar tegundar á landinu.

\* Súðavíkurhreppur er einn eigenda og rekstraraðila Náttúrustofu Vestfjarða. Er ýmist í stjórn eða varastjórn.

\* Súðavíkurhreppur og önnur sveitarfélög á Vestfjörðum hafa fyrir margt löngu selt hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða. Ekki er um að ræða slíkan rekstur á Vestfjörðum.

\* Súðavíkurhreppur rekur dagdvöl fyrir aldraða og tómsundastarf. Þar eru tveir starfsmenn auk aðstöðu í Súðavík.

\* Súðavíkurskóli er samrekinn grunn-, leik- og tónlistarskóli.

\* Súðavíkurskóli veitir frístundastyrki árlega.

\* Súðavíkurskóli rekur frístundahús.

\* Þar sem ekkert heitt vatn er á staðnum og dýrasta raforka landsins er ekki rekstrargrundvöllur fyrir sundlaug.

\* Súðavíkurhreppur rekur kynningarstarfsemi, viðkomandi nefnd sem er fræðslu-, tómsunda-, menningar- og kynningarnefnd. Einnig í samstarfi við Vestfjarðastofu sem er framkvæmdahluti Fjórðungssambands Vestfirðinga.

\* Ferðamálaþjónusta er rekin í Súðavík af sveitarfélaginu en útvistað til rekstraraðila verslunar til styrkingar þeim rekstri.

\* Súðavíkurhreppur hefur rekið bæði íþróttahús með Súðavíkurskóla auk þess sem lengi var starfrækt líkamsrækt í samstarfi við Ungmennafélagið Geisla.

\* Íþróttþjónusta er í samstarfi við Ungmennafélagið Geisla í Súðavík.

\* Súðavíkurhreppur hefur á undanförunum árum sett nýsköpunarstyrki á fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps ár hvert.

#### Tekur sveitarfélagið þátt í rekstri fyrirtækja? Ef svo er, með hvaða hætti?

##### Lýsing

Já, aðallega óbeint.

\* Súðavíkurhreppur á 20% hlut í Iceland Sea Angling - sjóstangveiðifélagi sem rekur um 18 báta og á nokkrar fasteignir fyrir gistirými fyrir sjóstangveiðimenn. Aðallega er um að ræða þýska ferðamenn sem hafa keypt þessa þjónustu.

Súðavíkurhreppur á einn stjórnarmann í félaginu.

\* Eignarhlutur var keyptur í Sætt & salt ehf. í gegnum fjárfestingarsjóðinn Hvetjanda. Sveitarstjóri er í stjórn félagsins.

\* Aðkoma að rekstri Melrakkaseturs Íslands í gegnum 51% eignarhluta. Súðavíkurhreppur hefur styrkt starfsemina með því að útvega húsnæði fyrir lága leigu. Súðavíkurhreppur hefur að jafnaði einn til tvo stjórnarmenn.

#### Hvaða áhrif hefur sveitarfélagið á þróun og framkvæmd þjónustunnar í þeim tilvikum þegar veiting hennar hefur verið falin öðru sveitarfélagi eða er unnið samvinnu tveggja eða fleiri sveitarfélaga?

##### Lýsing

Þau árhif eru frekar almenn svo sem gegnum stjórnarsetu í viðkomandi félögum eða samlögum. Nokkuð jafnræði er með sveitarfélögum sem standa að flestum þeim félögum sem samvinna er um óháð stærð sveitarfélaga. Það er þó misjafnt eftir félögum.

#### Myndi sameining sveitarfélagsins við annað/önnur sveitarfélög fela í sér tækifæri til umbóta á umræddum sviðum og ef svo er, á hvaða hátt?

##### Lýsing

Sameiginlegur rekstur s.s. náttúrfræðistofu er eins, óháð því hver stjórnsýslueining er að baki. Sveitarfélögin leggja til rekstrar og sátt ríkir um staðsetningu starfsemi í núverandi mynd. Það er samt ekki gefið að það gangi þannig. Einfaldara er að reka slíka stofnun af einu sveitarfélagi en af mörgum sveitarfélögum. Ágreiningur hefur komið upp um staðsetningu starfsemi, enda ljóst að ekki getur sama starfsemi verið á mörgum stöðum (stöðugildi sem fylgja starfsemi).

Sameining sveitarfélaga væri þó helst kostur varðandi almenningsamgöngur þannig að einn aðili gæti séð um rekstur í stað tilraunar þriggja til samstarfs. Það myndi einfalda alla ákvarðanatöku. En samvinna um almenningsamgöngur hefur ekki gengið vel á Íslandi, sama hver rekstraraðilinn er.

Sameinað sveitarfélag stæði líkast til betur að þeim málaflokkum sem fela í sér heildstæða þjónustu s.s. málaflokki aldraðra - rekstri dagdvalar. Tækifæri felast í því að fleiri sækji þá þjónustu og stærri eining reki starfsemina. Fleiri tækifæri til kosta í boði. Rekstur safna færi t.a.m. betur í sameinuðu sveitarfélagi en samstarfi sveitarfélaga um rekstur safns.

Það sem er nærtækast við kosti þess að sameining sveitarfélags myndi leiða til tækifæra liggur líklega í rekstri íþróttamannvirkja. Eðli íþróttamannvirkja og starfseminnar liggur í fjölda notenda og þau tækifæri sem felast í því að efla það starf.

Í fullkomnum heimi myndi fjöldi íbúa sveitarfélags að baki hverri einingu leiða sjálfkrafa til þess að rekstur sveitarfélagsins yrði léttari þar sem samlegðaráhrifin leiddu til hagkvæmni. Þannig væri auðveldara og hagkvæmara að veita þjónustu og hún yrði almennt ódýrari og betri í fjölmennu sveitarfélagi en fámennu. Hins vegar hefur það ekki verið þannig alfaríð, enda hefur rekstur sveitarfélaga gengið allskonar og ýmist hafa stór og millistór sveitarfélög ekki sýnt betri afkomu en þau fámennari þrátt fyrir veitta þjónustu. Ekkert er algilt í þessu. Eðlileg þróun sveitarstjórnarstígsins kemur innan frá og ekki síst frá íbúum þeirra. Líklegt er að á mörg sjái sér hag í því að slá rekstri saman og sameina íbúa tveggja eða fleiri sveitarfélaga sem vel getur leitt til eflingar þeirra á mörgum sviðum. Hagkvæmni tveggja líkra sveitarfélaga sem hafa

svipaða landfræðilega legu og aðstæður ætti að gera það og jafnvel tveggja ólíkra. En fjárhagslegi hlutinn fylgir ekki endilega, en tækifæri til þess að veita þjónustu ættu að gera það. Það er auðvitað eitt af helstu markmiðum sveitarfélaga og skylda þeirra, að veita íbúum þjónustu en ekki að reka sig með hagnaði. Hins vegar er vissulega auðveldara að veita þjónustu þegar sveitarfélag er fjárhagslega burðugt, það segir sig sjálf. Bættar samgöngur myndu gjörbreyta þessari stöðu og ekki síst ef göng yrðu milli þéttbýlisstaða á Vestfjörðum. Ekki síst á þessu svæði.

## LÖGBUNDNAR STEFNUR, ÁÆTLANIR OG SAMÞYKKTIR

Hefur sveitarfélagið sett sér jafnréttisáætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	29.05.2020
Hefur sveitarfélagið sett sér húsnæðisáætlun?	Já
Hvenær tók áætlunin gildi?	12.05.2023
Hefur sveitarfélagið samþykkt aðalskipulag?	Já
Hvenær tók skipulagið gildi?	09.05.2019
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um stjórn og stjórnslu sveitarfélagsins?	Já
Hvenær tók samþykktin gildi?	26.05.2014
Hefur sveitarstjórn sett sér siðareglur?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	26.05.2014
Hefur sveitarfélagið sett sér málstefnu ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Hér voru óhlutbundnar kosningar.
Hefur sveitarfélagið sett sér byggðastefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Verðugt verkefni fyrir íbúáþing.
Hefur sveitarfélagið samþykkt viðbragðsáætlun almannavarnarnefndar?	Nei
Hvers vegna ekki?	Súðavíkurhreppur er í stækkaðri almannavarnarnefnd fyrir Vestfirði. Sú almannavarnarnefnd heyrir undir stjórn Ríkislögreglustjóra. Sveitarstjóri er fulltrúi í þeirri nefnd sem tekur yfir almannavarnir fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum.
Hefur sveitarfélagið sett sér brunavarnaráætlun?	Nei
Hvers vegna ekki?	Brunavarnaáætlun hefur verið sett. Uppfærsla hennar stendur til næstu mánuði m.t.t. sameiningar slökkviliða Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar. .
Hefur sveitarfélagið sett sér loftslagsstefnu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Þau mál eru skoðun og mikið að gerast á sviðinu. Líklegt er að þau mál verði í endurskoðun haust 2023.
Hefur sveitarfélagið sett sér samþykkt um meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu?	Já
Hvenær tók samþykktin gildi?	01.01.2023
Hefur sveitarfélagið sett sér svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs?	Nei
Hvers vegna ekki?	Enn hefur ekki verið farið í þá vinnu að setja svæðisáætlun. Súðavíkurhreppur er eitt þriggja sveitarfélaga á norðanverðum Vestfjörðum sem eru á sama atvinnusóknarsvæði og samliggjandi þannig að svæðisáætlun gæti virkað. Það er úrlausnarefni fyrir samstarfsvettvang landshlutasamtakanna Fjórðungssambands Vestfirðinga. Ekki hefur verið farið í þá vinnu á þeim vettvangi enn sem komið er.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Reglur Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar voru samræmdar með gildistöku félagsþjónustusamnings við Ísafjarðarbæ. Súðavíkurhreppur hefur verið með reglur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar, en meðan samningur er í gildi eru reglur sameiginlegar.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um stuðningsþjónustu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Með vísan til félagsþjónustusamnings við Ísafjarðarbæ. Reglur Ísafjarðarbæjar og Súðavíkurhrepps hafa verið samræmdar.

Hefur sveitarfélagið sett sér skólastefnu ?	Já
Hvenær tók stefnan gildi?	10.02.2023
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um sérstakan húsnæðisstuðning?	Nei
Hvers vegna ekki?	Reglur sem lúta að félagslegum hluta heyrir undir samning við Ísafjarðarbæ. Reglur þar eru samræmdar.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um úthlutun félagslegs húsnæðis?	Nei
Hvers vegna ekki?	Reglur sem lúta að félagslegum hluta heyrir undir samning við Ísafjarðarbæ. Reglur þar eru samræmdar.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í gróðaskyni ?	Nei
Hvers vegna ekki?	Reglur um styrki vegna fasteignaskatts verða yfirfarnar haust 2023.
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af tekjulitlum elli- og örorkulífeyrisþegum ?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	30.12.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts af bújörðum á meðan þær eru nýttar til búskapar og af útihúsum í sveitum ?	Já
Hvenær tóku reglurnar gildi?	30.12.2022
Hefur sveitarfélagið sett sér reglur um rétt erlendra íbúa til samskipta við stofnanir sveitarfélagsins á erlendra tungu?	Nei
Hvers vegna ekki?	Um 33% íbúa Súðavíkurhrepps eru af erlendum uppruna. Öll mál sem lúta að málefnum íbúa af erlendum uppruna eru í stöðugri skoðun í sveitarfélaginu. Átak er í gangi um íslenskuvænt samfélag - verkefnið Gefum íslensku séns. Hluti þessara sömu íbúa starfar við þær stofnanir Súðavíkurhrepps svo sem skrifstofu og skóla. Súðavíkurhreppur stefnir á það að efla íslensku í samfélaginu og valdefla innflytjendur og þá sem hafa íslensku ekki sem móðurmál. Ekki hefur verið stigið það skref að setja sérstaka stefnu um samskipti þeirra á erlendra tungu við þessar stofnanir, en þau samskipti hafa verið leyst hingað til. Þetta er stefna sem setja ætti heildrænt og stafa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga eða Innviðaráðuneyti þannig að sömu viðmið yrðu sett fyrir öll sveitarfélög.

## LÖGBUNDNAR NEFNDIR

Eru eftirfarandi lögbundnar nefndir starfandi í sveitarfélaginu? Ef, ekki, hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?

Almannavarnarnefnd	Já
Félagsmálanefnd	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	Félagsþjónustas er veitt samkvæmt samningi við Ísafjarðarbæ. Fulltrúi Súðavíkurhrepps situr í félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar. Þetta samstarf hefur verið frá því 2020, eftir að samningi um Félagsþjónustu við Djúp var sagt upp.
Jafnréttisnefnd	Já
Kjörstjórn	Já
Náttúruverndarnefnd	Já
Nefnd um málefni leikskóla	Já
Notendaráð vegna félagsþjónustu sveitarfélagsins	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	Félagsþjónusta er veitt með samningi við Ísafjarðarbæ. Íbúar Súðavíkurhrepps njóta sömu þjónustu og undir sömu formerkjum og íbúar Ísfjarðarbæjar.
Skipulagsnefnd	Já

Skólanefnd	Já
Stjórn almenningsbókasafns	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	
Almenningsbókasafn er ekki rekið sem útlánasafn. Ekki er þörf á því í dag þar sem almenn útlánastarsemi og safnvarsla hefur verið lögð af. Notkun var orðin lítil sem engin, en safn aðgengilegt í stjórnsýsluhúsi.	
Ungmennaráð	Já
Öldungaráð	Nei
Hvernig/af hverjum er verkefnum þeirra sinnt?	
Þetta er atriði sem hefur verið í umræðu en ekki verið klárað. Stjórnsýsla í sveitarfélagi fyrir 235 íbúa er ekki flókin og hefur málefnum verið sinnt gegnum sveitarstjórn þar sem fulltrúar hafa verið úr öllum aldurshópum. Er meðal þeirra atriða sem lagt er upp með að íbúafundur gæti ályktað um.	

## Sameiningarkostir

### TÆKIFÆRI TIL SAMEININGAR VIÐ ANNAÐ/ÖNNUR SVEITARFÉLÖG

Hvaða sameiningarkostir koma helst til greina?

Nærtækasti kosturinn sameining Súðavíkurhrepps og Ísafjarðarbæjar. Þéttbýli Skutulsfjörð og eru liðlega 20 km milli Ísafjarðar og Súðavíkur, þar þarf göng. Sveitarfélögin deila hreppamörkum um Brúðarhamar á Súðavíkurhlíð. Talsverð samvinna. Stranadabyggð, er í um 204 km fjarlægð, sveitarfélögin deila hreppamörkum um botn Ísafjarðar í Djúpi. Samlegð gæti verið með Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi og stjórnsýsla færi hæglega saman. Bolungarvíkurkaupstaður stendur einnig sem sameiningarkostur.

Hvaða tækifæri mun fjárhagslegur stuðningur Jöfnunarsjóðs hafa í för með sér fyrir sveitarfélagið vegna þeirra sameiningakosti sem koma til greina?

Súðavíkurhreppur er fjárhagslega vel sett sveitarfélag árið 2023. Miðað við 100 mkr. framlag frá Jöfnunarsjóði hefur það lítil áhrif á Súðavíkurhrepp. Ísafjarðarbær er mjög skuldsett sveitarfélag og því til langs tíma ekki mikil breyting þar þrátt fyrir nokkur hundruð milljóna framlag við niðurfellingu skulda. Tækifæri við sameiningu fælust í öðru en fjárhagslegum hvötum fyrir svæðið í heild. Þá er ekki útséð hvernig Jöfnunarsjóður kemur að sveitarfélagunum eftir sameiningu og breytingu.

Hvaða áskoranir hafa þessir sameiningarkostir í för með sér?

Áskoranir felast í samgöngum þrátt fyrir að einungis séu um 21 km milli Súðavíkur og Ísafjarðarbæjar. Rekstur grunnskóla yrði áfram í Súðavík enda ekki áhugi fyrir að aka börnum um Súðavíkurhlíð til skólasóknar ef skólinn yrði lagður niður. Skólahald er dýrt í Súðavík vegna fárra nemenda og því myndi Ísafjarðarbær fljótlega freista þess að leggja skólann niður. Illa hefur tekist til við sameiningu innan Ísafjarðarbæjar og hafa samfélög í jaðarbyggðum þar hnignað, Flateyri, Þingeyri og Suðureyri.

Hefur sveitarfélagið áður verið í viðræðum við annað/önnur sveitarfélög um hugsanlega sameiningu eða eru slíkar viðræður í bígerð?

Ísafjarðarbær þar upp slíkt erindi árið 2020. Ekki var áhugi til staðar í Súðavíkurhreppi, en þó voru samskipti þar um. Strandabyggð hefur verið í óformlegum samskiptum um aukið samstarf. Meiri áhugi virðist vera meðal íbúa Súðavíkurhrepps um sameiningu við Bolungarvíkurkaupstað en Ísafjarðarbæ. Bolungarvík stefndi þó frekar á að ná 1000 íbúa markinu en sameiningu. Það hefur nú raungerst. Óformlegar viðræður hafa verið við fleiri sveitarfélög á norðanverðum Vestfjörðum þó ekki séu þær raunhæfar.

Hvaða stjórnskipulag gæti komið til greina við myndun nýs sveitarfélags, t.a.m. fjölgun í sveitarstjórn eða aukið vald til nefnda sem færu með málefni afmarkaðra svæða (heimastjórnir)?

Ef sameining sveitarfélaga á að takast væri eðlilegast að tryggja raunverulega aðkomu allra íbúa að stjórn sveitarfélagsins. Það mætti tryggja með beinna lýðræði og aukinnar aðkomu íbúa gegnum íbúalýðræði. Núverandi bæjar- og sveitarstjórnarfyrikomulag tryggir það ekki. Hverfa- eða svæðisráð þurfa að hafa raunverulegt vald til þess að hafa áhrif á bæjar-/sveitarstjórn. Ekki er nóg að vera með ráðgefandi álit sem unnt er að virð að vettugi. Stjórnsýsla sveitarfélaga færast sífellt nær kjarna.

Hvaða lýðfræðilegu veikleikar/styrkleikar myndu felast í þeim sameiningarkostum? Veljið viðkomandi sveitarfélag og helsta sameiningarkost/í í flettistíkkunni.

Hvaða tækifæri hafa þessir sameiningarkostir í för með sér í tengslum við uppbyggingu þjónustu, fjölbreyttari atvinnutækifæri, aukinn félagsauð, öflugri stjórnsýslu og aðra mikilvæga þætti í starfsemi sveitarfélagsins?

Sameining við Ísafjarðarbæ væri rökrétt miðað við að fækka sveitarfélögum, ef það er markmiðið. Stjórnsýslueiningum myndi fækka um eina og einhver samlegðaráhrif myndu nást. Skuldaniðurfelling Jöfnunarsjóðs auk framlags til Súðavíkurhrepps myndu duga í samþættingu stjórnsýslu. Fjárhagsstaða sameinaðs sveitarfélags væri sterkara en Ísafjarðarbæjar. Hafnarsamlag og sameiginlegt slökkvilið yrði til sparnaðar. Þjónusta yrði einfaldari og Ísafjarðarbær hefði aðgang að byggingarlandi sem vantar. Samskipti við fiskeldisfyrirtæki yrðu einfaldari og viðsemjendum fækkar um einn. Þjónusta við Súðavíkurhrepp myndi dragast saman þar sem flest yrði lagt niður í sparnaðarskygni, dýrara að veita þjónustu utan þéttbýliskjarna. Starfsmönnum við svið Ísafjarðarbæjar fjölga til móts við sparnað við aflagða stjórnsýslu

Súðavíkurhrepps. Almenningsamgöngur eflar. Þar sem atvinnusvæðið er eitt í dag hefði það ekki áhrif á fjölgun starfa, mörg myndu tapast í Súðavíkurhreppi. Mikil samvinna mill sveitarf.

---

Hefur sameining við annað eða önnur sveitarfélög í för með sér tækifæri til hagræðingar? Ef svo er, á hvaða sviðum og hversu mikla?

Samstarf er talsvert við nágrannasveitarfélög. Sorpsamlag Strandabyggðar er í samstarfi við Súðavíkurhrepp, félagsþjónustu er sinnt í Súðavíkurhreppi af starfsmönnum Ísafjarðarbæjar með þjónustusamningi. Viðræður hafa verið við Strandabyggð um aukið samstarf og hugmyndir um sameiningu sveitarfélaga. Það er þó erfitt þar sem staða Strandabyggðar er erfið og óvíst hvort fjárhagsleg samlegð myndi duga til þess að sameinað sveitarfélag yrði nógu sterkt. Ýmis tækifæri eru þó fólgin í því þar sem skipulagssvæði er gríðarlega mikið landflæmi og samgöngur ágætar milli Súðavíkur og Hólmavíkur og líkandi talsverð með samfélögunum. Mikil tækifæri eru fólgin í því að hafa strandlengjuna frá Súðavík og yfir heiðina yfir í Strandabyggð, en uppbygging er áformuð vegna raforkuöflunar á því svæði. Framtíðarmöguleikar vegna jarðhita í báðum sveitarfélögum þó fjarlægð sé talsverð í þéttbýli Súðavíkur. Heildstætt svæðisskipulag og framtíðaruppbygging við fiskeldi mynda sterka heild. Áhugaverður kostur.

---

Hvaða tækifæri til umbóta innan sveitarfélagsins gæti sú hagræðing haft í för með sér?

Samvinna og samræming vegna félagsþjónustu og sorpmála er nærtækast til umbóta og skilar hagræðingu við sameiningu við Ísafjarðarbæ. Sama á við um sameiningu við Strandabyggð. M.a. hefur verið viðrað að sameina Súðavíkurhrepp við Strandabyggð, Árneshrepp og Kaldrananeshrepp. Sorpsamlag Strandabyggðar gæti séð um allt svæðið og væri því til eflingar. Frekari samvinna í skólamálum og á sviði ferðaþjónustu gæti skilað áhugaverðri vinnu. Uppbygging seiðaeidisstöðvar Háafells fer fram í landi Strandabyggðar á Nauteyri. Háafell er með fiskeldiskvíar og þjónustu frá Súðavík og meginhluti þess eldis fer fram við strandlengju Súðavíkurhrepps. Samræmt aðalskipulag og öll nálgun við uppbyggingu og eflingu atvinnulífs gæti vel farið saman. Fjárhagsleg endurskipulagning Ísafjarðarbæjar væri rökrétt við sameiningu sveitarfélaganna og uppstokkun stjórnsýslu með heimastjórn væri að sama skapi rökrétt framhald og væri forsenda sameiningar fyrir Súðavíkurhrepp.

---